

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn mánudaginn 12.ágúst 2013 kl. 16.30 að Glerárgötu 26

Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Hörður Sigurharðarson og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.



1. Samskipti við Íþróttafulltrúa Akureyrarbæjar

Svarbréf bárust frá Ellert íþróttafulltrúa Akureyrarbæjar með beiðnum um nánari útskýringar á nokkrum erindum ÍBA. Pröstur fór lauslega yfir málið og rædd voru viðbrögð og svör stjórnar ÍBA við hverju fyrir sig.

Einnig voru rædd samskipti ÍRA og ÍBA og voru menn sammála um að það þarf að vera skýrari verkaskipting og verklagslýsing á hlutverkum ÍRA og ÍBA t.d. varðandi tímaúthlutanir og ákvarðanatöku í húsnæðismálum aðildarfélaganna.

Bréf ÍRA um umsókn Draupnis og KFA um rekstrarstyrk. Ekki hefur áður verið gerð krafa um að ÍBA sendi svo ýtarlegar upplýsingar ef viðkomandi umsækendur uppfylla skilyrði sem sett eru en sjálfsagt og eðlilegt er að verða við þessari ósk Ellerts.

Bréf um húsnæðismál KFA. Rædd var tillaga að svari. Stjórn ÍBA telur óheppilegt hvernig þessi mál hafa þróast og þykir miður að ekki hafi verið hægt að ræða málin betur og komast að samkomulagi þannig að allir aðilar væru sáttir. Stjórnin leggur til að farið verði yfir ferlið eins og hefði átt að vera gert.

Bréf frá ÍRA um framtíðarsýn. Erindi ÍRA var sent á aðildarfélögin með spurningarlista. Engin svör hafa borist. Ákveðið var að senda ítrekun og rætt var um fyrirbyggjandi vinnu við mótun framtíðarsýnar.

Bréf var sent ÍRA um nýtingu gervigrass á KA svæði og beið um svar fyfir 15. ágúst.

2. Málþing ÍBA. Fram kom að Stefán Ólafsson er tilbúinn að vera með fyrirlestur um íþróttameiðsl og möguleg tímasetning yrði í Október.

3. Íþróttasaga Akureyrarbæjar. Fram kom hjá Presti að hann ræddi við Jón Hjaltason, Harald Sigurðsson og Hermann Sigtryggsson sem voru allir til í að vera í ritnefnd. Stjórnarmenn voru sammála um að eðlilegt sé að tala við fleiri en einn um að taka ritunina að sér, gefa kost á verklýsingu og tilboði.

4. Önnur mál. Reikningur vegna kvöldverðar á Landsmóti var samþykktur.

Fundi slitið kl. 17.40